

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2018

2021/EES/13/13

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/290 frá 26. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi glýsídýlfitusýruestra í jurtaolíum og fitu, ungbarnablöndum, stoðblöndum og matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0290:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/290 frá 26. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 55, 27.2.2018, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/290, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 55, 27.2.2018, bls. 27.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.